Samgöngustofa

# Mönnunarreglur

## FISKISKIPA OG ANNARRA SKIPA EN FARÞEGA- OG FLUTNINGASKIPA

<12m og <750kW



# Mönnunarreglur á fiskiskip og önnur skip <12m og 750kW

Til að hægt sé að lögskrá þarf skipið að vera komið með **haffærisskírteini** og **áhafnartryggingu** fyrir alla um borð, einstaklingur **þarf að hafa réttindi í þá stöðu** sem lögskrá á hann í. Hann þarf að hafa lokið a.m.k. **öryggisfræðslu smábáta** (T1) hjá Slysavarnaskóla sjómanna og **endurnýjað hana** (T2) á 5 ára fresti:

## Vélarafl <250 kW

### Útivist er innan við 14 klst.:

Lágmarksmönnun er skipstjóri (**SS**). Ekki þarf smáskipavélavörð **(SSV)** ef vélarafl skipsins er minna en 250 kW:

| | |
|---|---|
| Skipstjóri (SK) - (SS) | ✓ |
| Stýrimaður (SS) - (SS) * | ? |

Lágmarksmönnun miðast við 9,9 m og 176 kW

* Manna þarf þessa stöðu og lögskrá ef útivist skipsins fer yfir 14 klst, sbr. ákvæði sjómannalaga

### Útivist er lengri en 14 klst.:

Lágmarksmönnun er skipstjóri og stýrimaður **(SS).** Ekki þarf smáskipavélavörð **(SSV)** ef vélarafl skipsins er minna en 250 kW:

| | |
|---|---|
| Skipstjóri (SK) - (SS) | ✓ |
| Stýrimaður (SS) - (SS) * | ? |

Lágmarksmönnun miðast við 9,9 m og 176 kW

* Manna þarf þessa stöðu og lögskrá ef útivist skipsins fer yfir 14 klst, sbr. ákvæði sjómannalaga

Samgöngustofa

# Vélarafl 250-750 kW

## Útivist er innan við 14 klst.:

Lágmarksmönnun er skipstjóri **(SS)** og smáskipavörður **(SSV)**. Skipstjóri má einnig gegna störfum smáskipavélavarðar hafi hann þau réttindi, að öðrum kosti þarf að lögskrá smáskipavélavörð **(SSV)**:

| | |
|---|---|
| Skipstjóri (SK) - (SS) | ✔ |
| Stýrimaður (SS) - (SS) * | ✔ |
| Smáskipavélavörður (SSV) - (SSV) | ⚠ |
| Smáskipavélavörður (SSV) - (SSV) * | ? |

Lágmarksmönnun miðast við 11,36 m og 368 kW

* Manna þarf þessa stöðu og lögskrá ef útivist skipsins fer yfir 14 klst, sbr. ákvæði sjómannalaga

## Útivist er lengri en 14 klst.:

Lágmarksmönnun er skipstjóri **(SS)** og stýrimaður **(SS).** Skipstjóri og/eða stýrimaður mega einnig gegna störfum smáskipavélavarða hafi þeir þau réttindi. Að öðrum kosti þarf að lögskrá smáskipavélavörð **(SSV)**. Hafi annar þeirra réttindi smáskipavélavarðar þarf að lögskrá einn smáskipavélavörð. Hafi hvorugur þeirra þau réttindi þarf að lögskrá tvo smáskipavélaverði:

| | |
|---|---|
| Skipstjóri (SK) - (SS) | ✔ |
| Stýrimaður (SS) - (SS) * | ✔ |
| Smáskipavélavörður (SSV) - (SSV) | ⚠ |
| Smáskipavélavörður (SSV) - (SSV) * | ? |

Lágmarksmönnun miðast við 11,36 m og 368 kW

* Manna þarf þessa stöðu og lögskrá ef útivist skipsins fer yfir 14 klst, sbr. ákvæði sjómannalaga

### Þjónustusamningar

Ekki þarf smáskipavélavörð **(SSV)** ef gerður hefur verið samningur við þjónustuaðila í landi um viðhald vélbúnaðar skipsins og sá samingur er staðfestur af Samgöngustofu. Í þeim tilvikum eru stöður smáskipavélavarðar S merktar, og þarf þá ekki smáskipavélavörð, hvort sem útivist er innan 14 klst. eða lengri:

| | |
|---|---|
| Skipstjóri (SK) - (SS) | ⚠ |
| Stýrimaður (SS) - (SS) * | ? |
| Smáskipavélavörður (SSV) - (SSV) S | ? |
| Smáskipavélavörður (SSV) - (SSV) S | ? |

Lágmarksmönnun miðast við 9,39 m og 275,8 kW

* Manna þarf þessa stöðu og lögskrá ef útivist skipsins fer yfir 14 klst, sbr. ákvæði sjómannalaga

Ath: Ef músarbendill er staðsettur yfir S táknið má sjá nánari upplýsingar um þjónustusamninginn.

## Samsett staða (skipstjóri er líka smáskipavélavörður)

Skipstjóri (**SS**) þarf að vera handhafi gilds skipstjórnarskírteinis <12 m og má einnig vera smáskipavélavörður (**SSV**) ef hann hefur þau atvinnuréttindi. Við lögskráningu er þá valin samsett staða - Skipstjóri/smáskipavélavörður (**SS/SSV**):




## Samsett staða (stýrimaður er líka smáskipavélavörður)

Stýrimaður (**SS**) þarf að vera handhafi gilds skipstjórnarskírteinis <12 m og má einnig vera smáskipavélavörður (**SSV**) ef hann er hefur þau atvinnuréttindi. Við lögskráningu er þá valin samsett staða - Stýrimaður/smáskipavélavörður (**SS/SSV**):

